

Nd.

64. Frumvarp

til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr og fugla. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um i hvert sinn.

2. gr.

Frá löndum eða landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, er atvinnumálaráðuneytinu skylt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna um stundarsakir allan innflutning á heyi, hálm, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, mjólk, brúkuðum fóðurmjólsekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hættu telst á, að sóttnæmi geti borist með.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1. gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýtt, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og viðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur frv. þetta að tilhlutun atvinnumálaráðherra. Frv. er þó lítið eitt breytt frá því, sem það barst nefndinni.

Dýralæknirinn í Reykjavík hefir samið frv. og ljét því fylgja svohljóðandi greinargerð:

»Eftir núgildandi lögum er bannað, nema sjerstakt leyfi komi til, að flytja hingað til lands sauðfje, nautgripi, hesta, svín, geitur og hunda, bæði vegna sjúkdómshættu og svo til að forðast spilling innlendra kynja af blöndun með útlendum. Öll önnur dýr má flytja inn eftirlitslaust, en með þeim gætu borist sjúkdómar í innlendu alidýrin. Þess vegna þarf að hafa eftirlit með innflutningi allra spendýra og fugla, en það verður ekki gert nema sækja þurfi um leyfi til innflutnings í hvert skifti.

Þótt mest hætta sje á því, að dýrasjúkdómar berist hingað með lifandi dýrum, má ekki loka augunum fyrir þeirri hættu, sem stafað getur af innflutningi á heyi og ýmsum öðrum vörum, sem sóttnæmi hæglega getur borist með. Undir venjulegum kringumstæðum þarf ekki að óttast þetta, að því er nágrannalöndin snertir, en sjálfsagt er, að heimild sje til að banna slíkan innflutning, þegar illkynjaðir sjúkdómar ganga í útflutningslandinu og haga sjer þannig, að stjórnarvöldin þar ráða ekki við, eins og átt hefir sjer t. d. stað undanfarið með munn- og klaufasýkina í Danmörku.

Ætlast er til, að stjórnarvöldin hjer sjái um, að nægileg vitneskja fáist hjer að staðaldri um gang næmra sjúkdóma í þeim löndum, sem vjer höfum mest viðskifti við.»

Breyting sú, er nefndin hefir gert á frv., snertir aðeins 2. gr. þess. Í frv. dýral. var heimild fyrir atvrh. að banna innflutning þeirra vara, sem þar ræðir um, með ráði dýral. í Rvík. Nefndinni þótti þetta fyrirkomulag ekki nógu

tryggilegt og setti í staðinn skyldu ráðuneytisins til að banna innflutning, þegar sjúkdómshætta gæti verið á ferðum.

Frekari greinargerðar telur landbúnaðarnefnd ekki þörf.